

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Húnaþings vestra, nr. 588/2019, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. samþykktarinnar:

a. 8. töluliður C-liðar orðast svo:

Umdæmisráð barnaverndar. Samkvæmt samningi um rekstur umdæmisráðs landsbyggða skipa aðildarsveitarfélögin fimm manna valnefnd sem fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár.

b. Við C-lið bætast við tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

21. *Barnaverndarþjónusta á Mið-Norðurlandi.* Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi, sbr. auglýsingu nr. 1627/2022 fer sveitarfélagið Skagafjörður með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki eru falin öðrum.

22. *Samráðshópur í málefnum fatlaðs fólks.* Einn fulltrúi í samræmi við samning um leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðs fólks.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 23. janúar 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.